

vera óraskaður. Eftir þessum úrslitum sakarinnar verður áfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hin framangreindu ummæli skulu vera dauð og ómerk. Áfrýjandi, Einar ritstjóri Hjörleifsson, greiði 30 króna sekt til landssjóðs eða sæti einföldu fangelsi í 8 — átta — daga, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdómurinn vera óraskaður og skal áfrýjandi einnig greiða málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 15 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. septembermán.

Nr. 17/1904:

Lárus Benediktsson
gegn
Jóni Helgasyni.

D ó m u r:

Í skuldaskiftamáli, er emerítprestur Lárus Benediktsson höfðaði í héraði gegn Jóni Helgasyni kaupmanni, gekk dómur á bæjarþingi Reykjavíkur 9. júní

þ. á. a þá leið, að Jón Helgason var dæmdur til að greiða Lárusi Benediktssyni 5002 kr. oð aura með 6% vöxtum frá 5. apríl þ. á. til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað, svo og 20 kr. sekt að helmingi til lands-sjóðs og helmingi til fátækrastrjóðs Reykjavíkur. — Þessum dómi hefir Lárus Benediktson áfrýjað til yfir-dómsins með stefnu, útgefinni 2 júlí þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum atriðum, og að stefndi verði dæmdur til að borga honum hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi. Með því að stefndi, er lét mæta í málinu fyrir yfirdóminum, eigi hreyfði nein-um mótmælum gegn kröfum þessum, verður að taka þær til greina, og úrskurðast málskostnaður fyrir yfir-dómi til handa áfrýjanda 10 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Stefndi, Jón Helgason, greiði áfrýjanda Lárusi Benediktssyni málskostnað fyrir yfirdómi 10 krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.